



VINNINGASKRÁ

44. útdráttur 2. mars 2017

Aðalvinningur

Kr. 2.000.000 Kr. 4.000.000 (tvöfaldur)

6 3 2 8

Vinningur

Kr. 150.000 Kr. 300.000 (tvöfaldur)

3104 13173 27209 30261

Vinningur

Kr. 50.000 Kr. 100.000 (tvöfaldur)

712	5536	21289	46019	68778	75373
863	8836	36762	53185	72218	76019
3130	10705	38862	59027	73434	78355
5105	18736	40657	62462	75212	79803

Vinningur

Kr. 20.000 Kr. 40.000 (tvöfaldur)

1815	13385	23434	32059	38107	47103	65235	74913
2689	13692	23484	32209	39837	48124	65555	75367
3989	14268	23868	33616	39906	49197	66459	76194
5613	14619	25420	34026	40947	49604	66644	76513
6159	14972	25526	34847	41631	52959	66777	77097
6598	15122	26754	34869	41700	53539	67043	77248
6757	15695	28314	35486	42690	56484	67489	77530
7040	16896	28366	35836	42879	57347	69972	77892
8510	17910	29839	36202	42931	59644	70475	78660
9653	20772	29977	36563	42936	61593	71773	
10749	21478	30775	37127	45061	64899	73218	
11099	22919	30889	37391	45324	65148	73709	
12010	23012	31810	37711	46600	65176	74321	

Vinningur

Kr. 10.000 Kr. 20.000 (tvöfaldur)

15	7569	19899	33274	41930	52609	62309	73199
541	7673	20599	33391	42262	52742	62391	73362
679	7845	20660	33770	42477	52782	62456	73373
783	8120	21069	33852	42551	52827	62862	73586
1230	9201	21556	34341	42632	53224	63029	73759
1327	9401	21702	34344	42790	53269	63210	74004
1412	10342	22735	34379	42884	53569	63212	74323
1574	10543	22759	34436	42976	53623	63217	74572
1667	11011	23380	34723	43200	53643	63383	74666
2179	11196	23615	34762	43384	54138	64358	75074
2216	11264	23787	35482	44602	54230	64507	75104
2707	11946	23935	35565	44763	54437	64538	75247
2762	12249	23936	35910	44976	54917	64617	75292
2875	12891	24100	36293	45092	54930	64727	75413
2922	13324	24370	36553	46081	55222	64822	75928
2951	13997	24880	36829	46859	55245	64904	76276
3483	14162	24893	37103	47233	55385	65384	76375
3605	14308	25064	37278	47290	56438	65393	76559
4113	14655	25948	37343	47351	56873	66712	76652
4177	14846	26009	38071	47550	57383	66859	76774
4424	15051	26958	38207	47934	57561	68215	77049
4508	15152	27582	38782	47993	57757	68474	77519
4545	15877	27713	38786	49346	58001	68504	77990
4557	15944	28564	38836	49640	58022	68922	78010
4736	15960	28700	38921	50107	58165	69014	78487
4847	16088	29164	39135	50415	58436	69572	78709
4995	16655	29213	39276	50714	59237	69609	78959
5045	16724	29545	39341	50732	59303	69843	79042
5090	16923	29609	39471	50745	59457	70764	79643
5154	17843	29620	39475	50857	59843	71028	79731
5350	17906	30178	39570	51063	60266	71129	79958
5576	18159	30471	39696	51211	60293	71368	
5634	18226	30553	39811	51439	60760	71796	
6422	18666	31048	39945	51544	61127	72005	
6511	19182	31184	40247	51927	61975	72130	
7272	19296	31299	40500	51936	62142	72438	
7538	19706	32006	40914	52067	62151	72790	

Næstu útdráttir fara fram 9., 16., 23. & 30. mars 2017

Heimasíða: www.das.is

dregið í hverri viku

Launamunur kynjanna og altari skrifræðisins

Eftir Önnu Hrefnu Ingimundardóttur



Anna Hrefna Ingimundardóttir

Sterkt ákall hefur verið um að opinber stefnumótun styðjist við niðurstöður vísindalegra rannsókna, t.a.m. hvað varðar umhverfisvernd. Þeir sem halda fast í sínar fyrirfram mótuðu hugmyndir og afneita vísindunum þegar þau samrýmast þeim ekki eru álitnir illa upplýstir kjánar. Það er að sjálfsögðu skynsemi fölgín í því að taka tillit til vísindalegra rannsókna og nauðsynlegt að hlusta á málsmetandi sérfræðinga áður en lög eru fest. Annars er stutt í að lagabálkar mótist af lýðskrumi og samanstandi af illa ígrunduðum og skaðlegum stefnum. En þegar um réttlætismál eins og jafnrétti kynjanna er að ræða virðist eins og sumir kasti gagnrýnni hugsun fyrir róða.

Hvað segja vísindin um launamun kynjanna á Íslandi? Sé tekið mið af almennri umræðu mætti ætla að kerfisbundið misrétti viðgengist á íslenskum vinnumarkaði. Þó að kynbundinn launamunur sé til staðar gefa niðurstöður hagrannsóknna ekki tilefni til slíkrar fordæmandi ályktunar gagnvart stjórnendum fyrirtækja. Eins og segir í skýrslu velferðarráðuneytisins frá 2015, Launamunur karla og kvenna: „Óskýrður launamunur felur í sér þann hluta launamunar sem skýribreytur og matsaðferð skýra ekki. Aðrar skýribreytur og aðrar aðferðir gætu þannig skilað allfrábregðinni niðurstöðu. Varlega þarf því að fara í að túlka óskýrðan launamun sem hreina launamismunur.“ Einnig er bent á að „launamun milli kynjanna megi einkum rekja til kynbundins vinnumarkaðar. Mennta- og starfsval

kynjanna skiptir hér mestu. Hagfræðikenningar gera ráð fyrir að valið sé frjálst ... en taka ekki afstöðu til þess hvernig val fólks mótast.“

Í skýrslunni stendur því berum orðum að ekki sé hægt að túlka launamun milli kynja sem mismunur en að hann megi einkum rekja til ákvarðana einstaklinga sem hafa sína eigin nyt-

jahámörkun og velferð að leiðarljósi. Til grundvallar slíkur ákvörðunum liggja margir aðrir þættir en laun. Helgi Tómasson, prófessor í tölfærði og hagrannsóknunum, skrifaði grein um algengar meinlokur varðandi þetta efni sem nefnist „Tölfærðigildrur og launamunur kynja“ (Þjóðmál, 2005). Þar bendir Helgi réttlæga á að útilokað sé að rökstyðja kerfisbundna mismunur gagnvart tilteknum hópi fólks í markaðskerfi sem býr við frjálst flæði vinnuafslis. Slík hegðun er fullkomlega órökrettt út frá hagnaðarhámarkandi sjónarmiði fyrirtækja og brýtur þannig í bága við skyldur stjórnenda gagnvart hluthöfum.

Miðað við nýlega umræðu og fyrirhugaðar aðgerðir stjórnvalda um jafnlaunastaðal eða jafnlaunavottun virðist sem algengar mistúlkningar á niðurstöðum hagrannsóknna séu notaðar sem réttlætning á verulegum inngrípum og kostnaðarsömum kvöðum á fyrirtæki. Nýleg tilkynning á vef velferðarráðuneytisins fjallaði um niðurstöður hagrannsóknna sem varða launamun kynjanna af talsverðri ónákvæmni. Þar stóð m.a.: „Fjöldi launakannana og rannsókna liðinna ára og áratuga staðfestir að karlar og konur njóta ekki sömu launa fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf.“ Fyrir utan það að

» Ótal þættir sem hafa áhrif á starfsval, laun og virði starfsfólks verða aldrei fangaðir í líkön eða staðla með fullnægjandi hætti.

ógjörningur er að skilgreina „jafnverðmæt störf“ með vitrænum hætti þá liggur annar grundvallarmisskilningur þessarar umræðu í því að verðmæti séu skilgreind út frá starfslýsingu. Þau verðmæti sem skapað í hagkerfinu velta ekki á starfslýsingu heldur afköstum þess fólks sem starfinu sinnir. Er allt starfsfólk sem sinnir störfum með sömu starfslýsingu nákvæmlega „jafn verðmætt“? Það myndu líklega fáir atvinnurekendur halda því fram. Að ætla að þvinga ákvarðanatöku og umbunarkerfi fyrirtækja í tiltölulega einfalda staðla með illskilgreinanlegum hugtökum er öfugsnúid, í besta falli kjánalegt en í versta falli afar kostnaðarsamt og skaðlegt.

Hagrannsóknalíkon eru alltaf nálgun á veruleika sem er mun flóknari en tölfærði gæti nokkurn tímann útskýrt. Ótal þættir sem hafa áhrif á starfsval, laun og virði starfsfólks verða aldrei fangaðir í líkön eða staðla með fullnægjandi hætti. Af þessu leiðir að takmarkað um nákvæmlega jöfn laun milli kynja getur aldrei verið skýrt og mælikvarðinn getur aldrei verið traustur.

Umrædan um þörfina fyrir jafnlaunastaðal er á villigötum. Inngríp hins opinbera munu koma til með að skada þá mest sem þeim er ætlað að hjálpa – launþegana sem vilja eflaust frekar sjá krónurnar enda í launaumslaginu en fórn að altari skrifræðisins.

Höfundur er hagfræðingur.

Velvakandi Svarað í síma 569-1100 frá kl. 10-12 velvakandi@mbl.is

Smávinir okkar eru svangir

Hinir fiðruðu vinir okkar, smáfuglarnir, eiga erfitt uppdráttar í fannferginu sem þekur höfuðborgarsvæðið þessa dagana. Það væri gustukaverk að gefa þessum greyjum eitthvað í gogginn á örugga staði.

Þarfir þeirra eru mismunandi. Skógarprestir, svartþestir og stáru eru sólginnir í allskonar ber og ávexti auk brauðmetis. Flestir smá-

fuglar eru einnig í þörf fyrir feitmeti í vetrarhórkunum og því er gott að blanda t.d. matarolíu í brauðmylsnu eða gefa þeim annað feitmeti. Snjótitlingar vilja gjarna láta gefa sér fræ á á opnum svæðum eða t.d. á húsbökum en t.d. auðnutitlingar og barrfinkur eru flink að éta úr hangandi döllum.

Nú ætti fólk að launa þeim sönginn sl. sumar og gefa þeim að borða.



Morgunblaðið/Styrmir Kári

Svangir Það er þróngt í bú hjá smáfuglum núna.

MEIRI HRAÐI - LENGRI ENDING

CMT ORANGE TOOLS

Handfræsittennur

Dósaborar fyrir timbur, málm og flisar

Flísaborar Demantsborar

Ásborg

Þjónusta við tréiðnaðinn í yfir 30 ár

Smiðjuvegi 11 • 200 Kópavogur • Sími 564 1212 • asborg.is

Móttaka aðsendra greina

Þeir sem vilja senda Morgunblaðinu greinar eru vinsamlega beðnir að nota innsendikerfi blaðsins. Kerfið er auðvelt í notkun og tryggir öryggi í samskiptum milli starfsfólks Morgunblaðsins og höfunda. Morgunblaðið birtir ekki greinar sem einnig eru sendar á aðra miðla.

Að senda grein

Kerfið er aðgengilegt undir Morgunblaðslóginu efst í hægra horni forsiðu mbl.is. Þegar smelt er á lógóið birtist felligluggi þar sem liðurinn „Sendu inn grein“ er valinn. Í fyrsta skipti sem innsendikerfið er notað þarf notandinn að nýskrá sig inn í kerfið. Ítarlegar leiðbeiningar fylgja hverju þrepi í skráningarferlinu. Eftir að viðkomandi hefur skráð sig sem notanda í kerfið er nóg að slá inn kennitölu notanda og lykilorð.

ÞARFTU AÐ LÁTA GERA VIÐ?

FINNA ÞÚ FINNUR ALLT Á FINNA.IS